

Hvernig dreifist sýklalyfjaónæmi?

Sýklalyfjaónæmi er geta baktería til að berjast gegn virkni eins eða fleiri sýklalyfja. Menn og dýr verða ekki ónæmir gegn sýklalyfjagjöf en bakteríur í mönnum og dýrum geta orðið það.

- 1 **Dýr** kunna að verða meðhöndluð með sýklalyfjum og því geta þau borið bakteríur sem eru ónæmar gegn sýklalyfjum.
- 2 **Grænmeti** getur verið mengað af sýklalyfjaónæmum bakteríum frá úrgangi dýra sem notaður er sem áburður.
- 3 **Sýklalyfjaónæmar bakteríur** geta borist til manna í gegnum **matvæli** og beina snertingu við dýr.

Við dýrarækt

- 4 **Menn** fá stundum ávísað sýklalyfjum til að meðhöndla **sýkingar**. En bakteríurnar geta myndað ónæmi gegn sýklalyfjum, viðbrögðin eru **náttúruleg aðlögun**. Baktería, sem er ónæm gegn sýklalyfjum, getur síðan **borist** frá sjúklingnum í meðhöndlun til annarra einstaklinga.

Í samfélaginu

- 5 **Menn** kunna að fá sýklalyf á **sjúkrahúsum** og bera upp frá því sýklalyfjaónæma bakteríu. Þær geta borist til annarra sjúklinga í gegnum **óhreinar hendur** eða **mengaða hluti**.
- 6 Sjúklingar sem kunna að bera sýklalyfjaónæma bakteríu eru að lokum sendir **heim** og geta borið ónæmar bakteríur til **annara einstaklinga**.

Á heilbrigðisstofnunum

- 7 **Ferðalangar** sem lenda á sjúkrahúsi á ferðalögum til lands þar sem sýklalyfjaónæmi er algengt kunna að **snúa aftur heim** með sýklalyfjaónæma bakteríu.
- 8 Jafnvel þó að þeir nýtir sér ekki heilbrigðisþjónustuna geta ferðalangar **borið og flutt inn** ónæmar bakteríur sem þeir hafa smitast af úr matvælum eða við ferðalög.

Komið heim úr ferðalagi